

SAMNINGUR
UM SAMEIGINLEGA FÉLAGSMÁLA-
OG BARNVERNDARNEFND

MILLI

BORGARFJARÐARHREPPS
DJÚPAVOGSHREPPS
FLJÓTSDALSHÉRAÐS
FLJÓTSDALSHREPPS
SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐAR
VOPNAFJARÐARHREPPS

Febrúar 2011

1.0 AÐILAR

Borgarfjarðarhreppur kt. 480169-5649

Fljótsdalshérað kt. 4810004-3220

Fljótsdalshreppur kt. 550169-5339

Vopnafjarðarhreppur kt. 710269-5569

Seyðisfjarðarkaupstaður kt. 560269-4559

Djúpavogshreppur kt. 570992-2799

2.0 MEGINEFNI

Með samningi þessum koma Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Vopnafjarðarhreppur, Djúpavogshreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður sér saman um að stofna eina sameiginlega félagsmála- og barnaverndarnefnd (hér eftir nefnd félagsmálanefnd) fyrir sveitarfélögin sex á grundvelli 7. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 með síðari breytingum. Grundvöllur samningsins er einnig fólgin í gerð samnings um félags- og barnaverndarþjónustu milli Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðarhrepps, Fljótsdalshrepps, Vopnafjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar eins og nánar er vikið að í einstökum greinum samnings þessa.

2.1 NEFNDIN

Hin sameiginlega félagsmálanefnd skal skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara, þannig að bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs kýs þrjá fulltrúa, þar af skal einn þeirra vera formaður, og tvo varamenn þeirra, en einn varamaður skal vera tilnefndur af Fljótsdalshreppi. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Sveitarstjórnir Borgarfjarðarhrepps, Vopnafjarðarhrepps og Fljótsdalshrepps kjósa sameiginlega einn fulltrúa og einn til vara. Aðalmaður komi frá Vopnafjarðarhreppi og varamaður frá Borgarfjarðarhreppi. Sveitarstjórnir Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpavogshrepps kjósa sameiginlega einn fulltrúa í nefndina og einn til vara. Aðalmaður komi frá Seyðisfjarðarkaupstað og varamaður frá Djúpavogshreppi.

Þegar fjallað er um málefni einstaklinga skal að jafnaði boða fulltrúa viðkomandi sveitarfélags á fundinn. Aðalmaður í nefndinni víkur af fundi á meðan varamaður situr hann.

Félagsmálanefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Stefnt skuli að því að nefndin endurspegli dreifða búsetu, þ.e. að í henni sitji bæði fulltrúar úr þéttbýli og dreifbýli.

Nefndarmenn skulu vera kunnir að grandvarleik og bera gott skyn á mál þau sem félagsmálanefnd fjallar um. Leitast skal við að kjósa lögfræðing í nefndina þar sem slíks er kostur og enn fremur fólk með sérþekkingu á málefnum barna og fatlaðs fólks.

Um kosningu í nefndina, kjörgengi, kjörtímabil og annað sem máli skiptir fer að öðru leyti eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nú lög nr. 45/1998, sjá nánar IV. kafla, nefndir, ráð og stjórnir.

2.2 HLOTVERK NEFNDARINNAR

Nefndin fer með mál samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnaverndarlögum nr. 80/2002 ásamt síðari breytingum, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, umsagnir í forsjár-, umgengnis- og ættleiðingarmálum samkvæmt barnalögum nr. 76/2003, ásamt síðari breytingum og lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 með síðari breytingum og samkvæmt samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga frá 23. nóvember 2010 og samningi um sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands um málefni fatlaðs fólks frá 17. desember 2010. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem henni kunna að verða falin samkvæmt ákvæðum laga eða eftir ákvörðun sveitarstjórnanna.

3.0 STJÓRNSÝSLA

Að því marki sem ákvarðanir nefndarinnar þurfa staðfestingar sveitarstjórna skal formaður nefndarinnar eða starfsmenn í umboði hans tryggja að fundagerðir nefndarinnar eða tilteknir liðir þeirra komi til umfjöllunar hjá viðkomandi sveitarstjórn eða eftir atvikum sveitarstjórnnum, á næsta sveitarstjórnarfundi að afloknum fundi nefndarinnar, sjá nánar 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Nefndin skal tryggja að fylgt sé ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlaga, laga um málefni fatlaðra, annarra sérлага og reglugerða og almennum ákvæðum stjórnsýslulaga, sveitarstjórnarlaga o.s.frv., um meðferð mála fyrir nefndinni. Skal þá eftir atvikum tryggja að aðila máls sé gerð grein fyrir kæruleiðum.

Um réttindi og skyldur starfsmanna fer eins og nefndin væri nefnd eingöngu á vegum Fljótshéraðs og fer um þeirra réttindi samkvæmt því.

Reglur sem félagsmálanefnd starfar í samræmi við, samkvæmt 5. gr. samþykktar um sameiginlega félagsmálanefnd, þurfa samþykki bæjarstjórnar Fljótshéraðs, sveitarstjórna Borgarfjarðarhrepps, Fljótshrepps, Vopnafjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar. Að öðru leyti vísast til samnings sveitarfélaganna um félagsþjónustu og barnavernd.

Um nefndina og stjórnsýslulega stöðu hennar gilda að öðru leyti ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, laga um málefni fatlaðra og sveitarstjórnarlaga.

Samhliða gerð þessa samnings er gerður samningur um félagsþjónustu og barnavernd milli Fljótshéraðs og Borgarfjarðarhrepps, Fljótshrepps, Vopnafjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar, þar sem Fljótshérað tekur að sér að sinna þeirri fagþjónustu sem lýtur að móttöku, skráningu og úrvinnslu allra barnaverndarmála sem upp koma á starfssvæðinu.

Samkvæmt samningunum er einnig beitt stuðningsúrræðum til hagsbóta fyrir einstök börn og fjölskyldur þeirra þegar það á við. Um nánari skilgreiningu á þessari almennu þjónustu og sérstakri þjónustu, þ.e. barnaverndarúrræðin sjálf, svo sem tilsjón, stuðningsfjölskyldur, vistun, fóstur o.s.frv. vísast til samningsins og þeirra vinnureglna sem sett eru á grundvelli þeirra. Þetta á einnig við um þjónustu um félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu og liðveislu.

Með yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011, tekur félagsþjónusta Fljótshéraðs að sér að veita sveitarfélögunum þjónustu um málefni fatlaðra samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og í samræmi við samning um sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands um málefni fatlaðs fólks.

4.0 STARFSREGLUR STARFSLIÐS FÉLAGSMÁLANEFNDAR

Nefndin skal setja starfsliði sínu starfsreglur í samræmi við ákvæði 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Skal þar meðal annars tryggt að gætt sé ákvæða 4. ml. 1. mgr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, eða með formlegum hætti tekin afstaða til þess með hvaða hætti nefndinni er heimilt að skuldbinda aðildarsveitarfélögin.

5.0 SKRÁNING MÁLA

Félagsmálastjóri Fljótshéraðs skráir sérstaklega fjölda og tegund mála hvers sveitarfélags á sviði félagsþjónustu. Skal þessi skráning m.a. notast til upplýsingar um umfang þeirrar þjónustu sem Fljótshérað veitir í þessum málaflokki samkvæmt samningum milli Fljótshéraðs og Borgarfjarðarhrepps, Fljótshrepps, Vopnafjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar um félags- og barnaverndarþjónustu, og þ.m.t. um þjónustu við fatlað fólk.

6.0 FJÁRHAGSLEG ATRÍÐI

Um greiðslur fyrir þjónustu starfsliðs nefndarinnar og nefndarlaun og rekstrarkostnað félagsmálanefndar fer eftir framangreindum samningi um félags- og barnaverndarþjónustu.

Fljótshérað ákveður á hverjum tíma nefndarlaun að meðtöldum launum formanns í samræmi við reglur Fljótshéraðs þar um.

7.0 GILDISTÍMI

Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2011.

Samningur þessi kemur í staðinn fyrir samning um sameiginlega félags- og barnaverndarnefnd sem Borgarfjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Vopnafjarðarhreppur, Djúpavogshreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður gerðu með sér 5. desember 2008.

8.0 UPPSÖGN OG ENDURSKOÐUN SAMNINGSINS

Hver aðili um sig getur óskað endurskoðunar á einstökum þáttum samningsins eða sagt samningnum upp með 3 mánaða fyrirvara. Ekki er hægt að segja upp einstökum þjónustubáttum án þess að segja upp samningnum í heild.

9.0 SÉRÁKVÆÐI

Með samningi þessum skuldbinda aðildarsveitarfélögin sig til þess að fella úr gildi umboð viðkomandi nefnda sinna sem nú fara með þann málaflokk sem samningur þessi tekur til. Jafnframt því skuldbinda sveitarfélögin sig til þess að kjósa fulltrúa og varafulltrúa í nefndina eins og nánar er lýst í samningi þessum. Umboð nefndarinnar og einstakra fulltrúa í henni fellur því niður í síðasta lagi við næstu sveitarstjórnarkosningar.

10.0 ÁGREININGSMÁL

Rísi ágreiningur við framkvæmd samningsins skal hann leystur á samráðsfundi allra sveitarstjórnanna. Því aðeins er riftun samningsins heimil að ágreiningurinn reynist svo verulegur að framkvæmd samningsins sé ógerleg og ekki takist settir.

Í febrúar 2011

f.h. Borgarfjarðarhrepps

f.h. Fljótsdalshrepps

f.h. Fljótsdalshéraðs

f.h. Djúpavogshrepps

f.h. Vopnafjarðarhrepps

f.h. Seyðisfjarðarkaupstaðar
